

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldinu er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Kostnaður vegna sorphirðu:

		<i>Gjald fyrir árið 2019*</i>
Sorphirðugjald	pr. íbúð	39.956 kr.
Aukatunna svört	pr. ígildi 240 l sorptunnu	18.500 kr.
Aukatunna blá	pr. ígildi 240 l sorptunnu	9.000 kr.

* Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi. Gjaldskráin er samþykkt í bæjarráði 31. október 2018 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. desember 2018.

9. gr.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 1216/2017 úr gildi.

Hafnarfirði, 12. desember 2018.

F.h. bæjarstjórnar,

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.